



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

*Gleðileg jól og óskir um
farsælt komandi ár
með styttri vinnuviku!*



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Umsjón með útgáfu

Sólveig Jónasdóttir

Lausapenni

Saga Kjartansdóttir

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Forsíðumynd

Berglind Njálisdóttir

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Símar: 525 8340, 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881

Efni blaðsins

- 2 Leiðari
- 5 Af erlendum vettvangi
- 6 Hitt húsið heimsókn
- 8 Endurbýgging í Munaðarnesi
- 9 Styttum vinnuvíkuna
- 10 Starfsmenntun á Spáni
- 11 Spennandi hlutverk trúnaðarmannsins
- 12 Útvarp Landspítali
- 14 Stofnun ársins rannsóknarstyrkur
- 15 Kann enginn í Kópavogi að lesa?
- 16 Fastanefndir Sameyis
- 18 Haustfagnaður lífeyrisdeildar
- 19 Aðventukvöld Sameyis
- 20 Fróðleiksfúsir trúnaðarmenn
- 21-23 Mynda- og krossgátur

Við látum ekki þagga niður í okkur!



Samningaviðræður opinberra starfsmanna við ríkið hafa nú staðið yfir í meira en átta mánuði. Á þessu þessum tíma hefur því miður lítill árangur náðst. Í haust vísuðum við deilunni til ríkissáttasemjara í þeirri von að árangur næðist. Þar hefur einnig gengið hægt og það sama má segja um aðra samninga félagsins. Það hangir flest á þeim sameiginlegum kröfum sem við höfum barist fyrir undir hatti BSRB.

Við höfum nú einungis fáeina daga til jóla til þess að ná næstu skrefum. Ef þau skref nást ekki með fullnægjandi hætti þurfum við því miður að fara alvarlega að íhuga þann möguleika að grípa til aðgerða.


Þolinmæði okkar er á þrotum. Það er á brattann að sækja og vonir okkar um að okkar stærstu viðsemjendur tækju kröfunni um styttingu vinnuvikunnar vel hafa svo sannarlega valdið vonbrigðum. Við höfum þurft að berjast fyrir hverju einasta hænuskrefi sem við höfum þó náð í samningunum og oftar en ekki er okkur kippt aftur á byrjunarreit í umræðunni. Vonbrigðin eru mikil því satt að segja lögðum við af stað í viðræðurnar full bjartsýni um breytta tíma og **ný vinnubrögð**. Fyrir utan almennar kröfur um launahækkanir og breytingar á einstökum kjarasamningsgreinum lögðum við fram þrjár meginkröfur.

Stytting vinnuvikunnar, ekki bara í hátíðaræðum

Í fyrsta lagi þá lögðum við til **styttingu vinnuvikunnar**. Þar höfum við náð ákveðinni lendingu er varðar dagvinnufólkið okkar, með þeim fyrirvara þó að aðrir hlutir gangi upp, m.a. meiri stytting hjá vaktavinnufólkinu. Það að við höfum verið í samstarfi bæði við ríki og Reykjavíkurborg um tilraunaverkefni í aðdraganda þessara samninga virðast með engum móti hafa hjálpað til í samningaviðræðunum, þrátt fyrir að niðurstöður þeirra verkefna hafi verið afar jákvæðar. Þær niðurstöður gerðu okkur ekki auðveldara fyrir að vinna að málinu, sem er í raun afar undarlegt í ljósi þess að bæði ríki og borg hafa birt þessar jákvæðu niðurstöður í veglegum skýrslum og pólitíkusar haldið um þær fínar og flottar ræður á hátíðastundum. Það er mikið gap á milli þess sem við heyrum stjórnámálameinn tala um og þess umboðs sem samninganefndir ríki og borgar virðast svo hafa í raun og sann. Þessi misvísandi skilaboð eru í raun skandall í ljósi þess að Ísland baðar sig í ljósi jafnréttis- og jöfnuðar í hátíðaræðum og á erlendra grundu.

Jöfnun lífeyrissjóðsréttinda = jöfnun launa

Í öðru lagi er krafa okkar um **jöfnun launa milli opinberra og almenna vinnumarkaðarins** ein af forsendum þess að við skrifum undir nýja samninga. Við getum aldrei samþykkt að fara inn í langt samningstímabil án þess að sjá þau



mál leyst farsælega. Nú eru liðin þrjú ár frá því að samningur var gerður milli opinberra starfsmanna, ríkisvaldsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um jöfnun lífeyrisréttinda milli opinberra og almenna vinnumarkaðarins. Samningurinn var algjör tímamótasamningur því aldrei fyrr hafa svo stór og mikilvæg kjör launafólks verið samræmd milli markaða. Í honum var ákvæði um að launakjör yrðu einnig jöfnuð enda hafa kannanir sýnt að það sé um 16-20% launamunur milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði, opinberum starfsmönnum í óhag. Muninn átti að leiðrétta á næstu 6-10 árum samkvæmt samningnum. Því miður hafa engar leiðréttingar enn átt sér stað þrátt fyrir miklar umræður og þrýsting af okkar hálfu. Það að fara í fjögurra ára samning eins og vonir vinnuveitenda standa til án þess að mörkuð séu skref um jöfnun launa á tímabilinu er óviðunandi.

Launaskriðið þarf að vera tryggt

Þriðja stóra málið sem við höfum lagt áherslu á er **útfærsla launaþróunartryggingarinnar eða launaskriðstryggingarinnar** eins hún kallaðist í samningunum 2015. Tryggingin er að norrænni fyrirmynd og þykir yfirleitt góð aðferðafræði til að tryggja stöðugleika og jöfnuð í launaþróun á milli markaða. Við höfum sjálf séð hvernig hún virkar til jöfnunar síðastliðin ár og leggjum því mikla áherslu á að

samkomulagið um launaþróunartrygginguna verði endurnýjað í þessum samningum. Það kemur sannarlega á óvart að finna ákveðna tregðu hjá viðsemjendum til þess að ganga frá tryggingunni inn í samningana nú. Þessar meginkröfur opinberra starfsmanna eru kröfur um jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði – um þær þarf ekki að deila.

Við erum stór og sterk

Eins og fyrr sagði hafa samningaviðræður nú staðið í rúma átta mánuði. Það að við erum ekki komin lengra er forkastanlegt í ljósi allrar þeirrar umræðu á milli aðila vinnumarkaðarins síðustu misseri um bætt vinnubrögð og árangursríkari viðræður. Við munum leggja okkur öll fram sem eftir lifir þessa árs til þess að ná fram viðundandi samningum, eftir það þurfum við að huga að aðgerðum. Við erum stór og við erum sterk og við ætlum ekki að láta þagga niður í okkur. Við munum ekki fela þá staðreynd að þolinmæði okkar allra er löngu komin í þrot og þá er ekki neitt annað að gera nema að grípa til aðgerða.

*Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis
Garðar Hilmarsson, varaformaður Sameykis*

Dagbækur 2020

Peir félagsmenn sem hafa áhuga á að eignast dagbók (stærð A6) geta sótt hana á skrifstofu félagsins á Grettisgötu 89, pantað á www.sameyki.is eða haft samband og óskað eftir að fá eina slíka senda heim ef það hentar betur.

Skrifstofa Sameykis er á Grettisgötu 89, 4. hæð, 105 Reykjavík
Opið frá kl. 09:00-16:00 alla virka daga, símar 525 8330 & 525 8340



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða.

Hvetjum ykkur öll til að skoða framboð
náms og þjónustu á www.smennt.is.
Þar er að finna ýmsar góðar hugmyndir
fyrir áramótaheitin.





Fulltrúar Sameykis á ráðstefnu NOFS í sumar voru Garðar Hilmarsson varaformaður, Elín Helga Sanko úr stjórn Sameykis, Árni Stefán Jónsson formaður, Sverrir Jónsson skrifstofustjóri kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Þórarinn Eyfjörð, Pétur Jónasson varaformaður samninganefndar ríkisins, Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi Sameykis, Gunnar Rúnar Matthíasson, Bryndís Theodórsdóttir og Ingibjörg Sif Fjeldsted öll úr stjórn Sameykis.

Af erlendum vettvangi

Sameyki hefur á árinu tekið þátt í þó nokkru erlendu samstarfi, bæði á norrænum og evrópskum vettvangi. Fulltrúar okkar hafa þar fjallað um „#metoo, launamun kynjanna, einkarekstur í opinbera geiranum og styttingu vinnuvikunnar, svo fátt eitt sé nefnt.

Þá sat fulltrúi Sameykis þing EPSU (European public service union) í sumar og sótti fundi á vegum þeirra. EPSU eru samtök evrópskra stéttarfélaganna opinberra starfsmanna og stærstu málin á þeim vettvangi hafa verið baráttan við skattaundanskot, einkavæðingin og baráttan fyrir félagslegum réttindum starfsmanna. Þá hafa verkfallsaðgerðir opinberra starfsmanna einkennt undanfarna mánuði og við höfum fylgst með þeim í gegnum þetta mikilvæga samstarf. Þar má nefna að hollenskir starfsmenn heilbrigðisstofnana standa nú fyrir aðgerðum á landsvísi og krefjast nýrra kjarasamninga, en alls hafa 119 stofnanir tekið þátt í aðgerðunum. Franskir kollegar þeirra hafa einnig verið að skipuleggja sig í aðgerðum þar sem mörg stærri stéttarfélögin á opinberum markaði hafa áhyggjur af starfsmannaskorti í heilbrigðisgeiranum í Frakklandi. Þá fóru ítalskir slökkviliðsmenn í verkfall 15. nóvember síðastliðinn til að krefjast betri félagslegra réttinda og hærri launa. Ánægjulegri fréttir berast hins vegar frá Tékklandi þar sem ríkisstjórnin hefur loksins samþykkt að hækka laun opinberra starfsmanna um 7% að meðaltali, en samið var um hækkunina í september og hafa félagar okkar beðið lengi eftir þessari hækkun. Eins og sjá má af þessum örfáu dæmum eru fleiri en við í baráttu fyrir betri kjörum um þessar mundir. Staðan er æði misjöfn í álfunni en samstarfið í EPSU gefur okkur möguleikann á að skiptast á reynslu og styrkja samstöðuaflið sem er jú það sem stéttarfélög snúast um, ekki satt?

Sameyki starfar einnig mikið með systrafélögum okkar á Norðurlöndunum enda margt sem opinberir starfsmenn eiga sameiginlegt þó þeir búi ekki í sama landinu. Fulltrúar NTR (Nordisk tjenestemannsråd) komu hingað til lands til fundar. Fulltrúar Sameykis sóttu einnig norræna ráðstefnu NOFS (Norden Offentliganställdas Fackliga Samorganisation) þar sem samningsmódelið var til umfjöllunar auk annarra málefna. Þar fjallaði dr. Laust Högedahl m.a. um

niðurstöður rannsóknar sinnar um samningamódel Norðurlanda og fulltrúar Færeyja og Noregs fluttu erindi um útfærslu samningslíkansins í hverju landi fyrir sig. Við erum öll að vinna eftir svipuðu kerfi og það sem einkennir módelin í öllum löndunum umfram það sem gerist annars staðar er sá jafningjagrunnur sem umræðurnar eru á, þótt vissulega greini okkar á um flest.

Stéttarfélög á Norðurlöndunum njóta virðingar og geta haft þó nokkuð um framgang umræðnanna að segja. Þá fjölluðu þær Linda Nordström Nissan aðstoðarstarfsmannastjóri og Rita Bundgaard formaður HK Stat í Danmörku um samningsrétt og samningsumhverfi með tilliti til starfsmanna ríkisins þar og áhrif gífurlegs tilflutnings starfa frá ríkinu undanfarin ár. Á árunum 2016-2018 voru flutt rúmlega 3900 störf frá ríkinu samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Þeim var ýmist útvistað eða þau einkavædd en í einhverjum tilfellum einnig flutt til sveitarfélaganna. Svipað því sem við þekkjum hér varðandi flutning málefna fatlaðra til dæmis fyrir nokkrum árum.



Á fund framkvæmdastjórnar NTR, sem haldinn var á Íslandi, voru mættir Leif Hanson frá Vision í Svíþjóð, Peter Kroman frá Gentofte og Peter Thrige frá HK í Danmörku, Guðrið Joensen frá Starvsmannafelag í Færeyjum, Knut Roger Andersen frá Delta í Noregi og Jakobína Þórðardóttir fulltrúi BSRB í samstarfinu.



Þar sem draumar geta ræst

Blaðamaður kíkti í heimsókn í Hitt húsið sem staðsett er í grasi grónum Elliðaárdalnum í afar rólegu og fallegu umhverfi. Þar er aðeins önnur ásýnd á starfseminni sem hafði verið lengi í miðbænum í gamla pósthúsinu. Ekki var þó annað að heyra á þeim starfsmönnum sem við hittum að fólk væri alsælt með húsnæðið, umhverfið og síðast en ekki síst, allt plássíð.

Þarna hittum við Ragnheiði Árnadóttur aðstoðarforstöðumann, Auði Kömmu Einarsdóttur, atvinnuráðgjafa og Gylfa Mátí Sigurðsson sem er verkefnastjóri í frístundastarfi fatlaðra. Auður sér m.a. um að leita að starfsþjálfun fyrir ungt fólk sem sækir starfsþjálfun á vinnustað en Gylfi starfar með ungmennum með fötlun. Auður og Gylfi eru bæði tiltölulega nýir trúnaðarmenn Sameykis og hafa nú á haustönninni setið trúnaðarmannanámsskeið hjá félaginu og eru bara jákvæð fyrir verkefninu.

Óteljandi skemmtileg verkefni

Hitt húsið er miðstöð ungs fólks á aldrinum 16-25 ára þar sem ungmenni geta nýtt aðstöðuna til að syngja, dansa, dreyma, skapa, læra, spila, funda eða gera nánast hvað sem þeim dettur í hug eins og það er orðað á vefsíðu hússins. Starfsemin skiptist niður í atvinnuráðgjöf og vinnuúræðanámsskeið, vinnustaðanám o.fl. Þá er þar öflugt frístundastarf fyrir ungmenni með fötlun sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna, atvinnutengd frístundaúræði yfir sumartímann, menningar- og listastarf með ungu fólki, enda aðstaðan hreint út sagt frábær. Þarna sáum við albúið hljóðstúdíó, góða sali og ýmsa aðstöðu til þess að láta drauma sína rætast. Meðal fjölmargra menningartengdra verkefna má nefna götuleikhús og listhópa sem starfa á sumrin. Unglist sem er listahátíð ungs fólks og Músíktílaunir sem allir þekkja. Hitt Húsið rekur líka „Áttavítann“ sem er upplýsingagátt á netinu unnin af ungu fólki fyrir ungt fólk. Þá er ótalin Jafningjafræðslan sem vinnur að forvarnarstarfi og hópastarf sem m.a. vinnur gegn félagslegri einangrun ungmenna. Fleiri viðburðir fá inni í húsinu og þar leigja einnig aðstöðu Landsamband ungmennafélaga, Samband íslenskra framhaldsskólanna og Alþjóðleg ungmennskípti.

Ragnheiður segir Hitt húsið starfa eftir því markmiði að veita ungu fólki aðstöð og aðstöðu til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. „Ungmenni geta komið með hugmynd að verkefni t.d. í leiklist, tónlist eða dansi og nýtt aðstöðuna til æfinga. Ef þau vilja koma og æfa utan hefðbundins opnunartíma getum við gert við þau notendasamning þar sem þau geta nýtt aðstöðuna t.d. um helgar. Í þessu nýja húsnæði getum við tekið á móti mun stærri hópum en áður“ segir hún.

Í húsinu starfa um 16 manns í 100% starfi en svo er mjög mikið af fólki í hlutastarfi eða um 40 manns sem eru í námi eða í öðru starfi samhliða. „Við erum með frístundastarf fyrir ungmenni með fötlun sem eru í framhaldsnámi og sumir starfsmenn eru þar og koma svo með hópnum hingað eftir hádegi. Hér starfar einnig afreksfólk í íþróttum, svo sem fótboltahetjur,“ segir hún brosandi. Langflestir starfsmenn hússins eru félagsmenn í Sameyki.



▲ Ragnheiður tók vel á móti okkur og leiddi okkur um allt húsið. Hún hefur unnið í húsinu síðan 1997 og hún segir starfið í Elliðaárdalnum blómstra. Það hafi til dæmis aldrei verið eins mikið um að vera í húsinu eins og nú í haust.



▲ Í eldhúsinu voru þau María Björk, María, Atli Már og Heiðdís að útbúa hollt og gírnilegt snarl fyrir ungmennin í félagsstarfi fatlaðra. Þau sögðust ekki hafa spáð mikið í kjarasamningana en finnst kominn tími til að meta starf með fólki betur í launum.

▲ Á gangi okkar um húsið hittum við Ísak, Ástu og Berglindi sem er verkefnastjóri yfir Jafningjafræðslunni. Um það bil 30 fræðslufundir hafa verið haldnir í framhaldsskólunum nú í haust og 750 ungumenni frædd um allt milli himins og jarðar. Það er ekki Berglind sjálf sem sér um fræðsluna heldur hefur hún með sér um 16 manna hóp ungmenna sem sjá um hana. Ásta og Ísak eru verkefnastjórar í frístundastarfi fatlaðra fyrir ungumenni með fötlun.



▲ Svavar og Atli Steinn tóku smá sýnikennslu á fótboltaspilið. Atli Steinn er frístundaráðgjafi og Svavar er ritstjóri *Áttavítans* sem er upplýsingagátt ætluð ungu fólki á aldrinum 16-25 ára þar sem finna má alls konar hagnýtan fróðleik fyrir ungt fólk.

Frístundastarf fatlaðra er stór hluti starfseminnar sem hefur þanist út síðast liðin ár. Frá árinu 2008 höfum við tekið inn ungumenni frá starfsbrautum framhaldsskólanna, þetta er mjög breiður hópur með afar mismunandi þarfir. Bæði ungumenni sem þurfa mikla umönnun og aðstoð við daglegar athafnir og einnig einstaklinga sem þurfa félagslegan stuðning. Ungmennin geta verið hér frá 16-20 ára en eftir títugt bíður sumra þeirra einhver vinna. Annars er lítið fyrir þau að gera. Það eru of fá störf fyrir þennan hóp, því miður.

Stytting vinnuvikunnar

Hitt húsið tók þátt í tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar í eitt ár, en því lauk nú í haust. Um var að ræða styttingu um þrjár klukkustundir og Gylfi segir það hafa skipt mjög miklu fyrir sig, hann hafi þrisvar í viku geta náð í barnið sitt snemma á leikskólann og eytt meiri tíma með fjölskyldunni. Mesta áskorunin fyrir vinnustaðinn að þeirra sögn var að útfæra styttingu fyrir hlutavinnufólkið því auðvitað voru allir með í verkefninu. Það var rosalegt þúsluspil því ekki átti að minnka þjónustuna eða stytta þann tíma sem var opið hjá okkur. Þetta tókst að lokum og allir högnuðust á verkefninu. Styttingin var hins vegar tekin af í haust þegar verkefninu lauk. Þau voru öll sammála um að það hafi verið mikil viðbrigði að fara aftur til baka. Þær Auður og Ragnheiður taka undir orð Gylfa og segja þetta vera orðið algjöra nauðsyn sem verði að semja um nú í kjarasamningunum. Auður segist hafa sömu reynslu og Gylfi, leikskóli dótturinnar sé líka með styttingu vinnuvikunnar og hún finni mikinn mun. Ragnheiður notaði aukatímann hins vegar til að kíkja við hjá öldruðum foreldrum sínum og fara í ræktina. Hún segist ekki hafa drifið sig af stað aftur í ræktina eftir að styttingin var tekin af. Þau eru sammála um að þetta sé mjög vel gerlegt án þess að skerða þjónustuna og eru sannfærð um að ánægja og vellíðan starfsfólksins skili sér betur til notendanna.



▲ Gylfi og Auður eru trúnaðarmenn Sameykis í Hinu húsinu.



Alþýðusamband Íslands

Rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum á vegum BSRB og ASÍ

BSRB og Alþýðusamband Íslands hafa stofnað rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum til að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Norræn heildarsamtök á vinnumarkaði starfrækja mörg hver slíkar stofnanir og er því sérstakt ánægjuefni að íslenska verkalyðshreyfingin stígi nú þetta stóra skref.

Tilgangurinn er að bæta þekkingu á lífsskilyrðum launafólks og brúa bilið milli fræðasamfélagsins og verkalyðshreyfingarinnar.

Stofnuninni er ætlað að dýpka umræðuna um kaup og kjör og koma þannig með aukið fóður inn í baráttu launafólks fyrir bættri afkomu og betri lífsskilyrðum. Stofnunin verður þverfagleg og sjálfstæð í sínum störfum.

Til að skapa rannsóknarstofnuninni rekstrargrundvöll tryggja ASÍ og BSRB sameiginlega fjármagn og aðstöðu undir reksturinn. Vonir standa til þess að stofnunin hefji starfsemi sem fyrst.

Þessa dagana er verið að óska annars vegar eftir nafni á stofnunina sem þarf að sjálfsögðu að vera þjálft og gefa stofnuninni jákvæða mynd og þá er einnig verið að auglýsa eftir starfsmanni til þess að til að stýra henni og móta.

Endurbygging í Munaðarnesi

Nú hafa þrjú hús félagsins við Stekkjarhól í Munaðarnesi verið seld og flutt á brott. Um er að ræða hús númer 78, 79 og 80. Þar verða reist þrjú ný hús og verða þau í sama stíl og önnur endurbyggð hús félagsins á svæðinu. Sameyki á alls 20 hús í Munaðarnesi og hefur mikil vinna verið lögð í að byggja þau upp, auk þess sem leiksvæði hafa verið endurbætt. Svæðið er mjög vinsælt meðal félagsmanna okkar og húsin eru bókuð flestar helgar yfir vetrartímann og svo til alla daga yfir sumarið.

Bygging nýju húsanna við Stekkjarhólinn er að hefjast og við vonumst til þess að þau geti verið komin í útleigu strax í sumar. Við munum að sjálfsögðu flytja nánari fréttir af byggingunum þegar þar að kemur.



Myndin er frá uppbyggingu húsa nr. 72, 73, 76 og 77 við Stekkjarhól sem þegar hafa verið endurbyggð.

Styttum vinnuvikuna án launaskerðingar



Ágústa Sigurðardóttir – Bílstjóri hjá Strætó

„Ég á átta barnabörn og vil gjarnan gefa þeim meiri tíma,“ segir Ágústa Sigurðardóttir, bílstjóri hjá Strætó BS, um hvernig hún ætlar að nýta aukinn frítíma með styttingu vinnuvikunnar. Hún segir mikilvægt að minnka álagið á bílstjóra og stytta vaktirnar. „Við verðum voðalega lúin og þreytt eftir kannski tíu tíma vakt. Við þurfum bara á hvíldinni að halda.“



Garðar Svansson – Fangavörður

„Ég ætla að nota aukinn frítíma til að vera með fjölskyldu og vinum. Ég á þrjú börn og fjögur barnabörn svo það er nóg um að vera,“ segir Garðar Svansson fangavörður. Hann þekkir vel til þess álags sem vaktavinnufólk glímur við og fékk heilablóðfall þegar hann var einn á næturvakt ekki alls fyrir löngu. „Stytting vinnuvikunnar yrði heilsueflandi og myndi minnka stress og álag, ekki síst fyrir vaktavinnufólk.“



Sigurður Friðfinnsson – Hafnarvörður

„Það að stytta vinnuvikuna hlýtur að snúast um að fá meiri tíma til að vera með fjölskyldunni og sinna áhugamálunum. Ég er með hestadellu og allskonar aðrar flugur svo auknar frístundir munu nýtast vel,“ segir Sigurður Friðfinnsson hafnarvörður um hvernig hann ætlar að nota aukinn frítíma eftir að vinnuvikan verður stytt. Sigurður vinnur vaktavinnu og er oft kallaður út á milli vakta til að sinna skipakomum. „Ég held það myndi muna mikið um það að ná að hvílast betur á milli vakta.“



Agnes Sif Eyþórsdóttir – Heilbrigðisgagnafræðingur

„Mér finnst það nauðsynlegt fyrir fjölskyldufólk að geta átt fleiri stundir heima með fólkinu sínu og svo held ég að stytting vinnuvikunnar myndi líka gera mikið til að minnka streitu,“ segir Agnes Sif Eyþórsdóttir heilbrigðisgagnafræðingur. Stytting vinnuvikunnar er mikilvægt hagsmunamál sem getur nýst öllum. „Ég er með vefjagigt og er búinn að vera að berjast við að ná að halda mér á vinnumarkaði. Ég ætla að nota aukinn frítíma til að gera eitthvað fyrir sjálfa mig, stunda slökun eða hreyfingu sem ég hef oft ekki orku í eins og staðan er í dag.“

Starfsmenntun á Spáni



Hópurinn með kennurum og Temis education skipuleggjendum.



Fulltrúar stéttarfélaganna í starfsgreinaráði: Birna Ólafsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir, Jóhanna Þórdórsdóttir frá BSRB og Signý Jóhannesdóttir frá ASÍ.

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina fór í námsferð í nóvember til að kynna sér starfsmenntamál á Spáni. Ráðið er skipað 9 fulltrúum af vinnumarkaði og á BSRB 3 fulltrúa, þar á meðal er Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri Sameykis.

Í námsferðinni voru tveir starfsnámsskólar heim sóttir og fundað með menntamálayfirvöldum og fulltrúum frá mörgum starfsnámsskólum. Gaman var að sjá hversu mikil áhersla er lögð á skapandi starf og gleðina sem ríkti í skólastofunni.

Fram kom að aðsókn í starfsnám hefur verið að aukast undanfarin ár, þökk sé skýrri stefnu yfirvalda um að ekki sé hægt að ráða í störf nema starfsfólk hafi viðeigandi menntun. Einnig kom fram

að nokkuð tryggt er að eftir tveggja ára starfsnám geti nemendur gengið út frá því að fá vinnu. Þá var athyglisvert að sjá hvernig Spánverjar blanda saman efsta stigi grunnskóla og starfsnámi þannig að nemendur á unglingastigi eru í sama skóla og nemendur í starfsnámi. Með þessu móti sjá nemendur hversu fjölbreytt og skemmtilegt starfsnám getur verið sem um leið virkar hvetjandi á þá til að velja starfsnám.

Í öllum tilvikum er það skólinn sem ber ábyrgð á því að útvega nemendum starfsnámspláss á vinnustað. Nemendur eru ekki á launum á meðan þeir eru í starfsnámi. Kennarar heimsækja nemendurna á vinnustaðina og þeir koma líka í skólann til að gefa skýrslu. Á meðan nemendur eru í námi úti á vinnustöðum er eftirlit virkt og þannig komið í veg fyrir „ódyrt vinnuafli“.

Spennandi hlutverk

Inga Lára Pétursdóttir, fulltrúi skrifstofu og fjarnáms í Fjölbrautarskólanum við Ármúla, hefur gegnt hlutverki trúnaðarmanns síðastliðið rúmt ár. Í skólanum starfa 15 félagsmenn Sameykis.

„Þetta byrjaði með því að ég var beðin um að vera varatrúnaðarmaður og lét til leiðast. Svo hætti sú sem var trúnaðarmaður og þá var annað hvort að hrökkva eða stökkva“, segir Inga Lára. „Ég tók við keflinu og sé ekki eftir því.“

Gott að koma á Grettisgötuna

Inga Lára segir dýrmætt að geta kynnst stéttarfélaginu sínu betur í gegnum trúnaðarmannahlutverkið. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og fróðlegt, ekki síst að kynnst félaginu mínu almennilega. Þegar ég hafði komið nokkrum sinnum niður á Grettisgötu fann ég greinilega að þetta er okkar staður – okkar félagsmanna. Þetta er ekki bara vinnustaður nokkurra, heldur erum við velkomin að koma og fara. Mér finnst alltaf notalegt að koma á Grettisgötuna. Ég reyni að mæta á alla fundi fyrir trúnaðarmenn sem ég get og hef líka sótt „Gott að vita“-námskeið og lært þar skriðsund og hnýtingar og farið í draugagöngu. Ég hvet mitt fólk til að sækja þessi námskeið.“

Hlutverk trúnaðarmanns að vera til staðar og miðla upplýsingum

„Helsta hlutverk mitt sem trúnaðarmaður er auðvitað að vera til staðar og geta aðstoðað fólk þegar þarf. Ég miðla líka áfram mikilvægum upplýsingum sem mér berast frá skrifstofunni, ýmist um skemmtilega viðburði og námskeið, sem og stöðunni í kjaramálum. Ég reyni samt að drekkja þeim ekki í tölvupóstum, segir Inga Lára og hlær. „Svo snýst þetta auðvitað líka um að kynna félagið okkar og minna fólk á þá styrki sem það á rétt á, úr þeim sjóðum sem við greiðum í.“

Stjórnarandstaðan í hópnum

Inga Lára hefur sótt tvö námskeið fyrir trúnaðarmenn, en námskeiðin eru hluti af námi á vegum Sameykis og Félagsmálaskóla alþýðu. „Fljótlega eftir að ég tók hlutverkinu fóru mér að berast tölvupóstar frá skrifstofunni og var boðið að sækja námskeið fyrir trúnaðarmenn. Fyrsta námskeiðið var fróðlegt og yfirgripsmikið. Ég sótti svo annan hluta námsins núna nýlega, þar fengum við meðal annars fræðslu um líðan og samskipti á vinnustað og ég hafði mjög gaman að þeim hluta því leiðbeinandi var



hreinlega stundum að lýsa persónum sem ég þekki mætavel af mínum vinnustað. Fólk er svo ólíkt og hefur mismunandi hluti fram að færa. Það var til dæmis fjallað um „tuðarann“, þann sem segir alltaf „já, en...“ við öllum hugmyndum. Þessi persóna var nefnd stjórnarandstaðan. Mér fannst það skemmtileg nálgun því það er nauðsynlegt að hafa ólík sjónarhorn, í hvaða félagsskap sem er.“

Stytting vinnuvikunnar af hinu góða

Um kjaraviðræðurnar og styttingu vinnuvikunnar segir Inga Lára: „Ég held að það sé á brattann að sækja að semja um styttingu vinnuvikunnar en mér finnst styttingin eiga fullkomlega rétt á sér og fagna því að búið sé að komast að samkomulagi um styttri vinnuviku starfsfólks í dagvinnu. Ég dáist í raun að samninganefndinni að standa svona fast á sínu og bakka ekki með þetta atriði. Við sem störfum hér og erum í Sameyki erum ýmist stuðningsfulltrúar, sem eru oft í hlutastarfi, og hins vegar skrifstofustarfsfólk. Ég á ekki von á að útfærslan verði erfið fyrir okkur. Ég hef meiri áhyggjur af vaktavinnufólki, enda er enn þá verið að reyna að semja um styttri vinnuviku fyrir þau. En styttri vinnuvika er bara af hinu góða.“

30 orlofsdagar fyrir alla

„Á móti kemur kannski að þetta dregur aðeins úr umfjöllun um önnur mikilvæg samningsatriði. Það er mín tilfinning, að önnur atriði falli aðeins í skuggann, en það þarf svo sem ekkert að vera. Það er erfitt að miðla upplýsingum um allt sem rætt er við samningaborðið.“

Um hvaða samningsatriði myndir þú vilja heyra meira?

„Það má til dæmis nefna orlofsrétt. Nú er komin skipun að ofan um að jafnt eigi yfir alla að ganga og allir skulu eiga rétt á jafnmörgum orlofsdögum. Þá þarf að semja um hversu marga orlofsdaga fólk fær – eiga þeir að vera 24, 26 eða 30? Ég hef ekki heyrt á hvað samningsnefndin ætlar að leggja áherslu þar, við viljum auðvitað að samið verði um 30 daga fyrir alla. Við sem eldri erum höldum þá okkar fríðögum og það yrði frábært fyrir unga fólk að fá fleiri daga.“

Flott jólagjöf

Aðspurð um hvaða heilræði hún geti gefið þeim sem gætu viljað gerast trúnaðarmenn segir Inga Lára: „Ekki hika við þetta, þetta er dýrmæt reynsla, þú kynnist nýju fólki og færð að kynnst félaginu okkar og sjá hvað það er að gera góða hluti. Svo má alveg minnst á það að við fáum mjög flotta jólagjöf – það á ekki að vera nein gulrót en það skemmir allavega ekkert fyrir.“

Útvarp Landspítali



Landspítalinn er einn af stærstu vinnu-
stöðum landsins, en þar starfa um
8.000 manns, 6.000 starfsmenn
og 2.000 nemar. Sameyki á
þar tæplega 1.200 félags-
menn sem starfa m.a. sem
heilbrigðisgagnafræðingar,
öryggisverðir, rekstrar-
og tölvufræðingar og
matartæknar svo örfáir
sáu nefndir. Fólkið okkar
er með öðrum orðum
staðsett um allan spítalann;
í þvottahúsi, eldhúsi, Blóð-
bankanum, skrifstofunum,
geðdeildunum, bráðadeildinni,
flutningadeildinni, miðstöð sjúkra-
skrár og miklu víðar. Það má kannski

með sanni segja að fólkið í Sameyki sé fólkið
á bak við tjöldin, enda má finna það alls staðar í stoðþjónustunni.
Ef þess nyti ekki við væri starfsemin harla fátækleg.

Fréttastofa frekar en samskiptadeild

Blaðamaður kíkti í heimsókn á aðalskrifstofur Landspítala að
Skaftahlíð 24, þar sem samskiptadeild spítalans er staðsett,
en hún hefur vakið nokkra athygli undanfarin misseri,
m.a. á samfélagsmiðlum, og svipar að mörgu leyti frekar
til lítillar fréttastofu en hefðbundinnar samskiptadeildar.
Samskiptadeildinni hefur verið breytt í Útvarp Landspítali.

Stefán Hrafn Hagalín deildarstjóri samskiptadeildar hóf störf
fyrir um þremur árum og segir öfluga upplýsingamiðlun afar
mikilvæga á svona stórum vinnustað. Spítalinn þjónar öllu
landinu og þar er starfsemi allan sólarhringinn og því mikilvægt
að starfsfólk hafi aðgang að þeim upplýsingum sem það þarf til
þess að geta sinnt starfinu sínu vel auk þess sem rík þörf er til að
segja aðrar og fleiri fréttir af starfi spítalans en hinir hefðbundnu
fjölmiðlar geta sinnt.

Úr vörn í sókn

Tæplega 6.000 fréttir eru skrifaðar um Landspítalann á ári
í almennum fjölmiðlum, margar þeirra eru og hafa verið
ansi neikvæðar og lúta að öllu frá myglu og tækjaskorti til
bágborinnar fjármögnunar og erfiðrar kjarabaráttu. „Það hefur
slæm áhrif á starfsfólk og starfsandann“, segir Stefán, „að heyra
eingöngu neikvæðar fréttir um vinnustaðinn sinn. Við sem
vinnum hérna vitum að það er auðvitað fullt af jákvæðum
hlutum að gerast í kringum okkur. Vinnuumhverfið er heilt
yfir litið alls ekki niðurdrepandi þótt álagspunktarnir séu
þungir. Við ákváðum því að taka stjórnina á eigin örlögum og
umbreyta samskiptadeildinni í litla fréttastofu. Snúa vörn í sókn.
Hugmyndin um Útvarp Landspítala fæddist.“

Að tala við Selfoss

Stefán segir Landspítala hafa staðið frammi fyrir því verkefni
að nýta betur nýjar leiðir og miðla til að ná til allra starfsmanna.
Þetta er afar ólíkur hópur sem starfar í 100 byggingum,
staðsettum á 20 mismunandi stöðum. Einungis 10% þeirra
vinnur við borðtölvu en allir eru með snjallsíma Fólk á öllum
aldri með mismunandi menntun og bakgrunn. Stefán sagði
þetta ekki ólíkt því að eiga samtal við stóran bæ á stærð við
Selfoss. „Það varð strax ljóst að engin ein samskiptaleið myndi
henta öllum. Fljótlega fæddist sú hugmynd að starfrækja okkar
eigin fréttastofu“, segir Stefán, „það var svo sannarlega þörf á
mótvægisáðgerðum, auk þess sem við sáum það sem góða leið til
þess að koma margvíslegum upplýsingum um starfsemina jafnt
til starfsfólks sem almennings.“

Eigin gæfu smiðir

„Í dag framleiðum við sjálf um 600 fréttir á ári hér innanhúss
og þær eru í eðli sínu allar fremur jákvæðar, enda fjalla þær um
kraftmikla starfsemi, nýjustu tækni og vísindi, mannauðinn
okkar, viðburði og viðfangsefni á vinnustað sem er ekki bara
sá stærsti heldur líka að mörgu leyti sá mikilvægasti í landinu“,
segir Stefán Hrafn brosandi. „Hérna er þó engin fegrun í gangi.
Við getum hins vegar sparað okkur að vera á hnjónum við að
sannfæra blaðamenn um að skrifa jákvæðar fréttir; biðum ekki
lengur vongóð um að fjölmiðlar fjalli um eitthvað sem okkur
þykir markvert í starfseminni. Við höfum tekið frumkvæði og
framleiðum fréttirnar sjálf. En það er alls ekkert leikrit í gangi“,
segir Stefán ákveðinn. „Við segjum bara okkar sögur sjálf, á
viðeigandi hátt, þegar hentar starfseminni og eins oft og þurfa
þykir. Fréttirnar birtum við á öllum helstu rafrænu miðlum;
vefsvæðum og samfélagsmiðlum spítalans.“

Vinnustaður á heismælikvarða

„Landspítali er ekki einvörðungu stærsti þekkingarvinnustaður
landsins, heldur líka framsækið hátæknisjúkrahús á
heismælikvarða og hér vinnur mjög hæft starfsfólk sem fæst
við frábæra hluti og oftast en ekki við framúrskarandi aðstaður
með æðislegan tækjabúnað. Tölum um það! En við erum
hreinskilin og segjum heiðarlegar fréttir. Allt er gegnsætt og
þolir gagnrýni.“ Sem dæmi nefnir hann framkvæmdirnar sem
nú standa yfir við Hringbraut, sem mætt hafa mikið á starfsfólki
og almenningi, en fréttastofa spítalans hefur einsett sér að setja
upplýsingamiðlun um framkvæmdirnar í forgang og framleitt
yfir 300 fréttir um framkvæmdirnar undanfarna 12 mánuði. Það
hefur breytt viðhorfi fólks til verkefnisins. Kannanir sýna það.
Það skiptir fólk einfaldlega mjög miklu máli að fá að vita hvað er í
gangi hverju sinni.“ Stefán segir þau hafa merkt minni neikvæðni
í garð framkvæmdanna nú en áður.

Yfirgripsmikil miðlun

„Annað mikilvægt dæmi um verkefni og tólkastur samskiptadeilda á 21. öld er hvernig við komum skilaboðum hins nýja samskiptasáttmála til allra starfsmanna. Þar dugði engin ein leið og við höfum framleitt nær óteljandi hluti fyrir sáttmálann í þjónustu okkar við mannauðssviðið sem þróaði hann og innleiðir nú. Þar má nefna vefsvæði, hlaðvörp, veggspjöld, bæklinga, grafík, texta, myndir, myndskleið, teikningar, viðtöl og fréttir á bæði texta- og myndskleiðformi. Þessi yfirgripsmikla miðlun á innihaldi samskiptasáttmálans hefur skipt lykilmáli við innleiðingu hans og fengið góðar viðtökur.“

Valdeflandi áhrif

„Útvarp Landspítali er gífurlega valdeflandi breyting á upplýsingamiðlun og hjálpar starfsfólki og almenningi við að skapa spítalanum góða ímynd og jákvætt orðspor ásamt því sem jákvæðni og traust gagnvart Landspítala eykst hröðum skrefum í könnunum. Því ef fréttirnar eru eingöngu út frá sjónarhóli þess neikvæða, um manneklu, fjárskort, þrengsl og biðlista er óhjákvæmilegt að það smitist út í starfsandann og hafi slítandi áhrif á mannskapinn. Við erum auðvitað enn að fást við mörg erfið verkefni en hér er sterkur hópur starfsfólks sem þarf á því að halda að fá greiðan aðgang að upplýsingum og tilkynningum og heyra um hið jákvæða sem er í gangi innan spítalans. Það eru ekki bara starfsmenn sem njóta breytingarinnar, heldur tilheyra þeir allir áhugasamri fjölskyldu og vinahópi og snertifletir við sjúklinga, aðstandendur þeirra og almenning eru að öllu samanlögðu ótalmargir. Útvarp Landspítali er fimmta stærsta fréttastofa landsins með 30 þúsund manna „áskrifendahóp“ á samfélagsmiðlum.“

Hægt er að fylgjast með fréttastofu Landspítalans á facebook www.facebook.com/Landspitali/

Samskiptasáttmáli Landspítala og starfsfólks


„Vinnum saman, tölum saman, tökum vel á móti fólki.“

„Góð samskipti byrja hjá okkur sjálfum – við fáum til baka það sem við sendum út sjálf.“

Tilgangur Samskiptasáttmála Landspítala er annars vegar sá að auka öryggi sjúklinga og hins vegar að bæta líðan starfsfólks. Þetta gerum við með skýrum, skilvirkum, hlýjum og jákvæðum samskiptum. Sáttmálinn nær til allra sem starfa á spítalanum burtséð frá stöðu og starfsstétt.

Samskiptasáttmálinn var unninn árið 2018 í samstarfi við starfsfólk. Tæplega 700 manns úr þeirra hópi skilaði í kjölfar fundaherferðar inn um 900 lýsingum á atvikum sem lýstu ýmist því sem vel hafði verið gert og því sem betur mátti fara í samskiptunum á spítalanum. Atvikin fjölluðu ýmist um persónulega hegðun, faglegar boðleiðir eða annað sem betur mátti fara í samskiptum starfsmanna. Sáttmálinn er því byggður á raunverulegri reynslu og upplifun starfsfólks spítalans á öllum sviðum og felur í sér þætti eins og viðmót, virðingu, fagmennsku, umhyggju, skilning, hreinskilni, jafnræði og viðbrögð.

Tilgangur Samskiptasáttmála Landspítala er annars vegar sá að auka öryggi sjúklinga og hins vegar að bæta líðan starfsfólks. Sáttmálinn nær til allra sem starfa á spítalanum, burtséð frá stöðu og starfsstétt, og allir hafa hlutverki að gegna í eftirfylgni sáttmálans.



Stofnun ársins 2020

Rannsóknarstyrkur að upphæð 750.000 kr. vegna lokaritgerðar meistaranema í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands

Sameyki stéttarfélag í almannajónustu stendur fyrir árlegu vali á Stofnun ársins í vinnumarkaðskönnun sem unnin er í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og ná kannanirnar allt aftur til ársins 2006. Um er að ræða eina stærstu reglulegu vinnumarkaðskönnun landsins. Í tengslum við könnunina hefur Sameyki staðið fyrir málþingi auk þess að veita styrk til meistaranema til þess að rannsaka og rita lokaritgerð um efni sem tengjast könnuninni er liggur til grundvallar á vali Stofnunar ársins. Könnunin er afar mikilvægt innlegg í umræðuna um starfsumhverfi og velliðan starfsmanna og gefur mjög góða mynd af starfsumhverfi og starfsaðstæðum starfsmanna hjá hinu opinbera. Eitt af markmiðum með vali á Stofnun ársins er að stuðla að umræðu um aðstæður á vinnustöðum og bæta starfskjör og starfsskilyrði félagsmanna með því að gefa þeim tækifæri til að bera sinn vinnustað saman við mismunandi vinnustaði.

Sameyki stéttarfélag og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ hafa af þessu tilefni gert samning sín á milli um að veita einum meistaranema í opinberri stjórnsýslu styrk til að skrifa meistararitgerð sem tekur mið af málefnum sem tengjast könnuninni um Stofnun ársins. Styrkupphæðin er kr. 750.000,- sem dreifist á þrjá mánuði, en skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi sé búinn með a.m.k. 30 ECTS-einingar í meistaranámi.

Í ár er óskað eftir umsóknum meistaranema í opinberri stjórnsýslu sem stunda nám veturinn 2019-2020 og stefna að því að vinna lokaverkefni veturinn 2020-2021. Lokaverkefnið þarf að snúast um það að skoða tengsl þeirrar vinnu sem stjórnendur stofnana leggja í niðurstöður könnunarinnar um Stofnun ársins og árangurs stofnunarinnar í könnuninni. Í rannsókninni þarf að koma fram lýsing og mat á rýni stjórnanda og hlutverk starfsmanna í þeirri vinnu. Mikilvægt er að niðurstöður könnunarinnar fyrir árið 2020 séu hluti rannsóknarinnar.

Við val á styrkþega er horft til notagildis rannsóknarinnar, hvert fræðilegt og hagnýtt gildi hennar er og hvernig hún getur nýst við að bæta starfsumhverfi þeirra starfsmanna sem eru félagsmenn í Sameyki stéttarfélagi í almannajónustu. Í umsókninni þarf að koma fram ítarleg greinargerð um rannsóknarviðfangsefni og rannsóknarspurningar sem og yfirlit yfir menntun og reynslu umsækjanda.



Margrét Björnsdóttir stjórnarformaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis skrifuðu undir samning um rannsóknarstyrk í haust.

Þetta er í þriðja sinn rannsóknarstyrkur í tengslum við Stofnun ársins er í boði. Fyrsti styrkurinn var veittur til nemanda í viðskiptafræðum og 2019 fékk nemi í MPA námi styrk fyrir rannsókn sem kynnt verður næsta vor.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2020. Tilkynnt verður hver hlýtur styrkinn á málþingi sem Sameyki stendur fyrir um mannauðsmál hins opinbera þann 13. maí 2020. Þann dag verður einnig tilkynnt um hver hlýtur titilinn Stofnun ársins 2020.

Skipuð hefur verið sérstök nefnd sem mun velja einn meistaranema úr hópi umsækjenda. Nefndina skipa Sólveig Jónasdóttir kynningarstjóri Sameykis, Guðmundur Freyr Sveinsson sérfræðingur á kjarasviði Sameykis og Margrét S. Björnsdóttir stjórnarformaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ. Margrét mun taka á móti umsóknum í tölvupósti á netfangi sínu í msb@hi.is ásamt því að veita nánari upplýsingar í síma 525-4254 eða 867-7817.

Kann enginn í Kópavogi að lesa?



Jú, vissulega er fullt af vel læsum Kópavogsbúum. En ef tölur frá Þýskalandi um að 12% þýskumælandi hluta þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára skorti grunnhæfni í lestri og skrift¹ eru heimfærðar á Ísland þá gera það um 27 þúsund manns. Það eru um 2 þúsund fleiri en þeir sem voru á kjörskrá í Kópavogi við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Læsi telst vera einn af grunnþáttum menntunar og lestrarátak er reglulegur viðburður til að mynda í grunnskólum landsins. Þó benda niðurstöður PISA enn til þess að drengir virðast síður geta lesið sér til gagns en stúlkur. Lítið hefur þó verið fjallað um læsi fullorðinna hér á landi, að minnsta kosti nýverið, en fyrir um 15 árum var gerð rannsókn á læsi fullorðinna og voru niðurstöður hennar m.a. þær að þau sem stóðu höllustum fæti höfðu meiri áhuga á að bæta lesskilning sinn heldur en lestarhraða¹.


Í fullorðinsfræðslunni eru dæmin ansi mörg um fólk sem hefur hrakist úr skóla sökum lestarörðugleika. Mörg þeirra fengu skilaboð um að þau væri verr gefin en aðrir. Mörgum árum og jafnvel áratugum síðar hafa þessir einstaklingar verið greindir lesblindir og með viðurkenndri aðstoð náð að tileinka sér námsefni og náð árangri í námi og starfi.

Þegar ég las sögur þessara einstaklinga allra fyrst rifjaðist upp fyrir mér þegar ég fékk mín fyrstu gleraugu, þá tíu ára. Við mamma tókum strætó niður í miðbæ Reykjavíkur, sóttum gleraugun og á leiðinni aftur heim upplifði ég nýja veröld, ég gat lesið á skiltin í fjarska og fólkið í kringum mig var hætt að vera eins og í móðu. Lesblinda er ekki ólík sjónskerðingunni að því leyti að hún hindrar heilann í að koma boðum rétt til skila. Og rétt eins og gleraugun leiðrétta sjónina þá eru til viðurkenndar aðferðir til að leiðrétta lesturinn.

Hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land er hægt að fá upplýsingar um slíkar leiðir og eins bjóða sumar miðstöðvarnar upp á námskeið fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika. Við hjá Starfsmennt aðstoðum opinbera starfsmenn við að leita að leiðum sem henta, svo ekki hika við að hafa samband með netspjalli á www.smennt.is, með tölvupósti á smennt@smennt.is eða í síma 550 0060.

*Guðfinna Harðardóttir
Höfundur er framkvæmdastjóri Starfsmenntar*

1. Sjá <https://erwachsenenbildung.at/aktuell/nachrichten/13277-6-2-mio-deutsche-zwischen-18-und-64-jahren-lesen-und-schreiben-schlecht.php>
2. Elísabet Arnardóttir og Guðmundur B. Kristmundsson (2005). *Niðurstöður lestartarrannsókna. Í Gátt, ársrit fullorðinsfræðslu, útgífið af Fræðslumiðstöð atvinnulífs, sjá www.frae.is.*



PÁSKAR Á SPÁNI

Sameyki á þrjár eignir á Spáni. Tvær íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina með sundlaug og tennisvelli og raðhús með sundlaugargarði.

Páskarnir eru vinsæll tími og því verður páskavikunni og nokkrum dögum að auki úthlutað sem einu tímabili (3.-13. apríl).

Hægt verður að sækja um úthlutun á orlofsvefnum okkar á www.sameyki.is til og með 5. janúar 2020.

Fastanefndir Sameykis



Framtíðarnefndin að störfum, Höskuldur, Margrét, Ragnheiður, Bergþóra, Jóhanna, Baldur Vignir og Ramuné.

Á fundi fulltrúaráðs Sameykis í október var tekin ákvörðun um hvaða fastanefndir eiga að starfa innan félagsins. Á fundinum fór fram kosning um fulltrúa í nefndirnar en þeir munu eiga þar sæti næstu tvö árin. Ákveðið var að hafa fjórar fastanefndir.

Félagsleg málefni

Sameyki vill stuðla að því að félagsmenn séu meðvitaðir um félagsaðild og að samheldni ríki meðal félagsmanna. Nefndin er nokkurs konar lím í félaginu og við köllum hana UHU-nefndina í gríni.

Hlutverk nefndarinnar er að auka tengsl við félagsmenn með t.d. félagslegri samveru, skemmtunum og menningarviðburðum.

Nefndinni ber að vera stefnumótandi um upplýsingumiðlun til félagsmanna t.d. með útgáfu blaðsins, efni á vef, þátttöku á samfélagsmiðlum ofl.

Nefndina skipa: Áslaug Finnsdóttir frá Vættaskóla, Daði Sigmarsson frá Vínakoti, Egill Kristján Björnsson frá Fangelsismálastofnun, Gerður Magnúsdóttir frá Þjónustumiðstöð velferðar Vesturbæ, Inga Lára Pétursdóttir frá Fjölbraut við Ármúla, Rut Ragnarsdóttir sem er fulltrúi úr stjórn Sameykis og jafnframt formaður nefndarinnar og Sigurður Svanur Pálsson frá Barnaverndarstofu. Kristín Erna Arnardóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Framtíðarvinnumarkaðurinn

Nefndin fjallar um breytingar á vinnumarkaði s.s. breytingar á störfum vegna fjórðu iðnbyltingarinnar, breytingar á samsetningu þjóðarinnar, aldurssamsetningu þjóðarinnar, fjölbýðlegra samfélag, græna hagkerfið og hugsanlega fleiri þætti.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki getur sem best undirbúið félagsmenn undir breytingar á vinnumarkaði, hvernig vinnustaðir geti komið til móts við starfsmenn, t.d. með sí- og endurmenntun starfsmanna í huga, og þjálfun í ný störf. Þá á nefndin að skoða hvaða breytinga megi vænta í ákveðnum starfsgreinum, hvaða störf muni hverfa og hvaða ný störf verði til og finna leiðir til að stuðla að lýðræðislegri aðkomu félagsmanna á vinnustöðum. Auk þessa á nefndin að koma með hugmyndir að fyrirlestrum og námskeiðum fyrir félagsmenn Sameykis sem stuðla að þátttöku í sí- og endurmenntun félagsmanna almennt.

Nefndina skipa: Baldur Vignir Karlsson frá LSH, Bergþóra Skarphéðinsdóttir frá Leikskólanum Nóaborg, Margrét Högnadóttir frá Ríkisskattstjóra, Höskuldur Einarsson frá Vinnumálastofnun, Ragnheiður Hansen frá Skálatúni, Ramuné Kamarauskaite sem er fulltrúi úr stjórn og jafnframt formaður nefndarinnar, Sól-

rún Færset frá Þjóðskrá Íslands. Jóhanna Þórdórsdóttir hjá Sameyki er starfsmaður nefndarinnar.

Jafnréttismál

Sameyki lætur sig varða um jafnréttismál og vill standa vörð um bæði félagslegt jafnrétti og kjarabundið jafnrétti.

Hlutverk nefndar er að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Fylgjast með kynbundnum launamun, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunum á vinnustöðum og koma með ábendingar til stjórnar. Hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál, jafnt innan Sameykis sem utan.

Nefndina skipa: Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir frá Grund hjúkrunarheimili, Elva Sveinsdóttir frá Sýslumanni, Guðbjörg Erna Erlingsdóttir frá Faxaflóahöfnum, Herdís Jóhannsdóttir sem er fulltrúi úr stjórn og jafnframt formaður nefndarinnar, Judit Varga frá Strætó, Kári Sigurðsson frá Miðbergi frístundamiðstöð og Sigurður Andrean Sigurgeirsson frá Íslenska dansflokknunum. Sólveig Jónasdóttir hjá Sameyki er starfsmaður nefndarinnar.

Umhverfis- og loftslagsmál

Sameyki lætur sig varða umhverfis- og loftslagsmál og gerir sér grein fyrir að það þarf að tryggja að við höfum jörð til að starfa á. Engin jörð - engin störf!

Hlutverk nefndar er að vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki og koma með hugmyndir um hvernig félagið geti veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald við vinnu sem varða umhverfis- og loftslagsmál. Einnig skal nefndin koma með hugmyndir um hvernig félagið getur unnið að því að verða vistvænna í starfsemi sinni, aukið meðvitund félagsmanna um umhverfis- og loftslagsmál, og haft áhrif til vistvænni lífnaðarháttá.

Allar ákvarðanir nefndarinnar sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar verða að fara fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Nefndina skipa: Anna Pálína Jónsdóttir frá Skógræktinni, Bjarni Benedikt Bjarnason frá Umhverfis-og skipulagssviði RVK, Bryngeir A. Bryngeirsson sem er fulltrúi úr stjórn Sameykis og jafnframt formaður nefndarinnar, Hjörtur Árnason frá Veðurstofu Íslands, Pétur Ásbjörns-son frá Landspítala Háskólasjúkrahúsi, Stella Aðalsteins-dóttir frá Umhverfisstofnun og Þorsteinn Jónsson frá Raunvísindasatofnun HÍ. Jakobína Þórðardóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Allar nefndirnar hafa nú þegar hafið störf og funda flestar mánaðarlega. Það verður spennandi að sjá hvernig gengur en búast má við að fyrstu fundirnir fari í að móta stefnu og skilgreina hlutverkin betur.



Stofnun deildar atvinnubílstjóra Strætó bs.



Samkvæmt lögum Sameykis er heimilt að stofna sérstakar deildir innan félagsins til að vinna að hagsmunum þeirra sem vinna skyld og samskonar störf sem krefjast hliðstæðrar menntunar. Miðvikudaginn 20. nóvember 2019 var stofnuð sérstök fagdeild innan Sameykis fyrir bílstjóra Strætó. Samkvæmt starfsreglum deildarinnar mun hún beita sér fyrir eftirfarandi viðfangsefnum:

- Að efla vægi aukinna ökuréttinda og fá þau metin til ábyrgðar og launa.
- Gæta í hvívetna hagsmuna félagsmanna.
- Halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögum.
- Vinna að því að deildarfélögum bjóðist fjölbreytt tækifæri í gegnum símenntun og þátttöku í félagsstarfi á vegum deildarinnar og Sameykis.

Á stofnfundinum var kosin fyrsta stjórn deildarinnar en hana skipa, Pétur Karlsson formaður, Jónas Jakobsson, Guðbjörg Sigurðardóttir og Ágústa Sigurðardóttir.

Vel heppnaður haustfagnaður

Það vantaði svo sannarlega ekki stemninguna á haustfagnaði lífeyrisdeildar Sameykis sem haldinn var í húsa kynnum Garðyrkjufélagsins í lok október. Boðið var upp á svið og hangikjöt með öllu tilheyrandi og Ari Eldjárn kom og skemmti fólki konunglega. Þá spilaði Kristinn harmonikkuleikari á nikkuna og stjórnaði fjöldasöng. Yfir 120 manns komu á fagnaðinn sem þótti takast sérlega vel eins og myndirnar bera með sér.



Aðventukvöld félagsins

Það var notaleg stund á aðventukvöldi félagsins sem haldið var á dögnum. Þar lásu upp úr nýjum bókum sínum þau Ármann Jakobsson og Sólveig Pálsdóttir sem lásu stutta kafla úr nýjum spennusögum og Sæunn Kjartansdóttir sem las upp úr afar áhugaverðri og sérstæðri sögu sem hún ritaði um móður sína. Þá sungu stúlkurnar úr Lyriku nokkur jólalög á sinn einstaka hátt. Kvöldið var vel heppnað, heita súkkulaðið rann ljúflega niður og upplesturinn var spennandi.



Fróðleiksfúsir trúnaðarmenn






Það hefur verið mikill og góður gangur í fræðslumálum trúnaðarmanna á þessari haustönn. Í hópnum er mikið af nýjum trúnaðarmönnum og því voru haldin þrjú nýliðanámskeið í haust, tvö námskeið í fyrsta hluta trúnaðarmannafræðslu Félagsmálaskóla alþýðu og eitt í öðrum hluta. Þá var einnig haldið sérstakt vaktavinnunámskeið á haustönninni. Á vorönninni höldum við áfram og þá verður m.a. boðið upp á námsskeiðshluta þrjú til sex fyrir þá trúnaðarmenn sem eru komnir lengra, en einnig geta þeir sem ekki komust nú í haust skráð sig á námskeiðshluta eitt og tvö.

Ef fjöldi þátttakenda á þessum námskeiðum í haust er tekinn saman er hann rétt tæplega 150 manns. Það er sannarlega ánægjulegt að sjá svo mikinn áhuga trúnaðarmanna að sækja sér fræðslu því öflugur trúnaðarmannahópur þýðir jú einfaldlega öflugt félag!



Myndagátan

Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum eins og a og á eða i og í.






Vinningshafi krossgátunnar að þessu sinni er Gréta Vigfúsdóttir en hún starfar í líðveislu og hefur starfað við það í þrjú ár. Hún er að skipuleggja ferð til London og vinningurinn kemur sér vel í ferðasjóðinn.

Erfiðari

					1	4	9	
	7							6
		4		2		7		
			2		6	3		
	8	6						
3	1		5					
6			8					5
		7		3			2	
		9		4				



Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Blaði stéttarfélaganna, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 10. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum, páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta.“ Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is.



HVER ER STAÐAN?

Það er mikilvægt að við séum öll vel upplýst um réttindi okkar hjá lífeyrissjóðunum. Það þarf bara að kíkja á launaseðilinn til að komast að því í hvaða lífeyrissjóð er verið að greiða. Lífeyrissjóðurinn þinn sendir þér líka reglulega yfirlit yfir iðgjöldin sem hann hefur móttengið

og er mikilvægt að bera þau saman við launaseðlana. Allar upplýsingar um lífeyrisréttindi þín eru aðgengilegar á sjóðfélagavef sjóðsins. Í Lífeyrisgáttinni færðu svo heildaryfirlit yfir samtryggingarréttindi þín í öllum sjóðum sem þú hefur greitt í á starfsævinni.